



Ársskýrsla Þjóðleikhússins 2010



Efnisyfirlit

Þjóðleikhúsið á tímamótum

Almennt um starfið

Listræn markmið

- Sýningar þjóðleikhússins
- Barnastarf
- Höfundastarf
- Samstarf við sviðslistahópa
- Gestasýningar
- Samstarf við erlenda aðila
- Samstarf við stofnanir
- Fræðslustarf
- Verðlaun og viðurkenningar

Starfsemi á leiksviðunum

- Frumskýningar á eigin verkum Þjóðleikhússins
- Frumskýningar á samstarfsverkefnum
- Sýningar frá fyrra ári
- Gestaleikir
- Íslensk verk sýnd á árinu
- Frumskýningar á verkum eftir nýliða í Þjóðleikhúsinu
- Leikverk fyrir börn og unglinga sýnd á árinu

Rekstrarleg markmið

Fjárhagsleg markmið og afkoma

Breytt skipulag

Aðsókn og tekjunýting

Markaðs- og kynningarstarf

Starfsmenn

- Fjöldi starfsfólks eftir deildum, fastráðið (lausráðið):
- Starfandi listamenn við Þjóðleikhúsið

Innra starf

- Starfsmannastefna
- Jafnréttisstefna
- Húsnæðismál
- Öryggismál

Verkefni til framtíðar

Markmið ársins 2011

Viðaukar

- Leikskýningar Þjóðleikhússins árið 2010
- Leikritunarsjóðurinn Prologos
- Þjóðleikur – Þjóðleikhús unga fólksins
- Drög að rekstrarreikningi ársins 2010
- Starfsemi Þjóðleikhússins skilgreind nánar

Þjóðleikhúsið á tímamótum

Árið 2010 var afmælisár Þjóðleikhússins. Þá voru liðin 60 ár frá því að Þjóðleikhúsið tók formlega til starfa, en í apríl árið 1950 hófst starfsemin með frumsýningum á þremur íslenskum verkum.

Í tilefni af þessum merka áfanga í menningarsögu Þjóðarinnar var ákveðið að líta til fortíðar í verkefnavali og leitast við að bregða upp samtímaspegli á grunni menningararfsins og setja íslensk verk í forgrunn, leikrit og leikgerðir. Sótt var í sagnabrunn Halldórs Laxness, en tvö öndvegisverka hans voru sviðsett á afmælisárinu í nýjum leikgerðum, Gerpla í leikgerð og sviðsetningu Baltasars Kormáks og Íslandsklukkan í leikgerð og sviðsetningu Benedikts Erlingssonar. Íslandsklukkan var afmælisýning ársins, frumsýnd á sumardaginn fyrsta í apríl, réttum 60 árum frá opnun leikhússins, en Íslandsklukkan í leikgerð höfundar og Lárusar Pálssonar var ein af þremur opnunarsýningum leikhússins á sínum tíma. Bæði Gerpla og Íslandsklukkan nutu mikilla vinsælda og voru enn í sýningu um síðustu áramót, tæpu ári frá frumsýningum.

Farið var í leikför með Íslandsklukkuna norður í land og sýndar þrjár sýningar á Akureyri. Tilefnið var tvíþætt, annarsvegar að fara í leikför með glæsilega sýningu á afmælisári, og hinsvegar að fagna nýju og glæsilegu menningarhúsi, Hofi á Akureyri. Íslandsklukkan var fyrsta leiksýningin þar sem hið talaða orð var í forgrunni sem sýnd var í Hofi, svo það má segja að heimsóknin hafi kallast skemmtilega á við opnun Þjóðleikhússins á sínum tíma.

Einnig þekktist Þjóðleikhúsið boð um að sýna Gerplu á listahátíðinni Festspillene í Bergen í lok maí 2011 og verða sýndar þrjár sýningar á aðalsviði hátíðarinnar.

Unnin var heimildarmyndin Álfahöllin um uppsetninguna á Íslandsklukkunni, þar sem saga leikhússins í 60 ár fléttast inn í æfingaferlið. Gerð myndarinnar var styrkt af Símanum, en höfundur hennar var Jón Karl Helgason. Myndin var sýnd í Sjónvarpinu í nóvember.


Í upphafi starfsárs að hausti var efnt til afmælisveislu fyrir allan almenning, en þá var meðal annars boðið upp á dagskrá með völdum atriðum úr barnasýningum Þjóðleikhússins í gegnum tíðina á Stóra sviðinu. Dagskráin var sýnd fjórum sinnum á opnu húsi og aðsóknin var slík að annað eins hefur ekki sést í Þjóðleikhúsinu, eða hátt í sex þúsund manns á einum degi.



Almennt um starfið

Frumskýningum Þjóðleikhússins fækkaði milli ára, vegna aðhalds í rekstri, en samstarfsverkefnum fjölgaði nokkuð á móti. Jöfn og góð aðsókn var á allar sýningar ársins og nokkrar gengu lengi og náðu yfir tvö leikár. Heildaraðsókn að Þjóðleikhúsinu jókst enn milli ára, fimmta árið í röð, og fór raunar fram úr björtustu vonum. Áhorfendafjöldi á árinu 2010 var alls 99.720 á samtals 24 sýningar og lætur nærri að það sé met í sögu leikhússins. Þess ber að geta að í samantekt Þjóðleikhússins á áhorfendafjölda er aðeins miðað við gesti á leiksýningar, en ekki á aðra viðburði.

Aðsókn undanfarin fimm ár



Reksturinn einkenndist af aðgerðum til hagræðingar og með markvissum aðhaldsaðgerðum tókst að viðhalda góðu jafnvægi í rekstri stofnunarinnar, þrátt fyrir skerta fjárveitingu og erfitt efnahagsástand. Rekstrarafkoma ársins var raunar ekki aðeins innan heimilda, heldur jákvæð, eða skilaði afgangi. Sá árangur náðist þó ekki án fórna en nokkur störf voru lögð niður og starfsfólki fækkað á öllum deildum.

Unnið var markvisst að því að búa starfseminu undir boðaðan enn frekari niðurskurð á árinu 2011, en fjárlög ríkisins báru með sér 12,4 % niðurskurð fjárheimilda til Þjóðleikhússins milli ára. Fé til rekstrar verður skorið niður, auk þess sem felld var brott sérgreind fjárveiting til viðhaldsverkefna og tækjakaupa.

Innra starf leikhússins fór ekki varhluta af þeim aðhaldsaðgerðum sem grípa þurfti til á árinu, en uppsagnir starfsmanna tóku verulega á, bæði var eftirsjá í góðum og gegnum starfsmönnum og álag jókst vegna mannfæðar.

Markvisst er leitað leiða til að efla starfsandann við erfiðar aðstæður. Góður hugur starfsfólks og skilningur á þeirri staðreynd að fyrirliggjandi sparnaðarkröfu verði ekki mætt án fórna, er sá grunnur sem starfið byggir á, auk þess sem jákvæð ímynd stofnunarinnar og vaxandi aðsókn hefur mikið gildi til mótvægis við þau áföll og skerðingar sem starfsemin hefur mátt sæta.

Skipulagsbreytingar í kjölfar fækkunar starfsfólks lágu fyrir í lok árs og nýtt skipurit. Ný heimasíða með betra aðgengi og bættri upplýsingaveitu var opnuð á árinu, og starf við gagnagrunn leikhússins heldur áfram.

Listræn markmið

Listræn markmiðssetning fyrir árið 2010 endurspeglar þá stefnu Þjóðleikhússins að starfa af fullum metnaði, þrátt fyrir aðhald, niðurskurð og fækkun sviða og halda úti eins öflugum og metnaðarfullu leiklistarstarfi og kostur væri, án þess að raska stöðugleika í rekstri stofnunarinnar.

Sýningar þjóðleikhússins

Sérstök áhersla skyldi lögð á íslensk verk og erindi þeirra. Sviðsetning á tveimur verkum Halldórs Laxness á Stóra sviðinu var í þeim anda. Gerpla hefur aldrei verið sviðsett áður, en þar vinnur höfundur á írónískan hátt með hetjuímynd fornsagnanna og spyr áleitinna spurninga um manngildi og verðmætamat. Í Íslandsklukkunni er litið aftur til tíma mikilla þrenginga í Íslandssögunni, þar sem þjóðin stendur frammi fyrir knýjandi spurningum um tilvist sína og framtíð. Þar er saga smælingjans andspænis valdhroka og ofríki í forgrunni. Í úrvinnslu og sviðsetningum beggja þessara verka tókst það markmið að mynda sterk tengsl við áhorfendur í sal og ríka tilhöfðun til samtímans.

Á minni sviðunum var einnig lögð áhersla á nýsköpun, en nýtt verk eftir Braga Ólafsson, Hænuungarnir, var sviðsett í Kassanum og barnaleikritið Fíasól efir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, unnið upp úr samnefndum bókum, var sviðsett í Kúlunni.

Jólasýning leikársins 2009-2010, söngleikurinn Oliver!, gekk langt fram á árið 2010 og eins haustsýningin á Stóra sviðinu, Brennuvargarnir eftir Max Frisch.

Á haustmánuðum var frumsýnt á Stóra sviðinu finnskt samtímaverk eftir Sirkku Peltola, en það er í fyrsta sinn í sögu leikhússins sem verk, upprunalega skrifað á finnska tungu, er sviðsett.

Jólasýning leikhússins var síðan eitt magnaðasta verk leikbókmennta heimsins, Lér konungur eftir William Shakespeare. Þjóðleikhúsið fékk einn þekktasta leikstjóra samtímans, Benedict Andrews frá Ástralíu, til að sviðsetja sýninguna, en honum hefur verið hampað sem skærustu stjörnu samtímans í áströlsku leikhúsi og hann hefur sópað til sín þarlendur viðurkenningum og verðlaunum, auk þess sem sýningar hans á Schaubühne í Berlín hafa notið mikillar hylli. Sviðsetning hans á Lér konungi einkenndist af djörfung og frumleika og vakti verðskuldaða athygli. Sama á við um nýja þýðingu Þórarins Eldjárns á verkinu, sem gefin var út af Forlaginu og tilnefnd til Íslensku þýðingaverðlaunanna.

Barnastarf

Að vanda var boðið upp á fjölbreytt úrval sýninga fyrir yngstu leikhúsgestina á árinu. Fíasól var frumsýnd í Kúlunni í byrjun árs og gekk fyrir fullu húsi allt árið. Lögð var rækt við leiklistaruppeldi og börnum í elstu deildum leikskóla boðið að koma án endurgjalds á Sögustund í Kúlunni. Alls komu um fjögur þúsund og fimm hundruð leikskólabörn á þessa dagskrá á þriggja vikna tímabili í september og október. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík var einnig boðið upp á tónlistar- og barnasýninguna Herra Pottur og ungfrú Lok í Kúlunni. Auk

Þess gekk fjölskyldusýningin Oliver! fram á vor á Stóra sviðinu. Sýningum var haldið áfram á Sindra silfurfski í Kúlunni í upphafi árs.

Höfundastarf

Á afmælisárinu 2010 var hlutdeild innlendra verka á verkefnaskrá yfirgnæfandi. Þjóðleikhúsið átti einnig margháttað samstarf við höfunda á árinu, í tengslum við uppsetningar leiksýninga eða lestur og forvinnu vegna leikverka í þróun. Einnig átti leikhúsið í nánu samstarfi við þá höfunda sem hlotið hafa styrk úr Leikritunarsjóðnum Prologos.

Samstarf við sviðslistahópa

Efnt var til samvinnu við sviðslistahópin 16 elskendur um sviðsetningu á Nígeríusvindlinu og Íslensku hreyfiþróunarsamsteypuna um sviðsetningu á Kandílandi, en þessi verkefni hlutu leiksmiðjustyrk úr Leikritunarsjóðnum Prologos.

Einnig var efnt til samstarfs við Vesturport um endursviðsetningu á Hamskiptunum, Pars pro toto um sviðsetningu á dansverkinu Bræður, sviðslistahópin 540 gólf um skemmti- og fræðslusýninguna Hvað ef... og Operarctic hópin um sviðsetningu á Herra Pottur og ungfrú Lok.

Gestasýningar

Þjóðleikhúsið tók á móti nokkrum gestasýningum á árinu, meðal annars í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og sviðslistahátíðina Lókal. Athyglisverðasta áhugasýningin var einnig valin og sýnd í Þjóðleikhúsinu.

Samstarf við erlenda aðila

Lögð var rækt við samstarf við erlent leikhúslístaðfólk, meðal annars með samvinnu við ástralska leikstjóran Benedikt Andrews og dramaturg hans, Matthew Whittet. Unnið var að undirbúningi sýninga á Sæðýrasafninu í París árið 2011, en Sæðýrasafnið var samvinnuverkefni Þjóðleikhússins og CDN-Théâtre d'Orléans á árinu 2009. Leikhúsið þáði boð um að sýna Sindra silfurfsk á barnaleikhúshátíðinni BIBU í Lundi í Svíþjóð, og vakti sýningin mikla athygli þar.

Þjóðleikhúsið hafði samstarf við Finniska sendiráðið í tengslum við sýningu leikhússins á Finniska hestinum eftir Sirkku Peltola, og kostaði sendiráðið heimsókn höfundarins hingað til lands á frumsýningu verksins.

Leikhúsið hefur átt í samskiptum við ýmis leikhús í Þýskalandi, til að skoða möguleika á samstarfi í tengslum við Bókameessuna í Frankfurt 2011.

Samstarf við stofnanir

Efnt var til samstarfs við RÚV um sýningu á heimildarmyndinni Álfahöllinni í Sjónvarpinu.

Þjóðleikhúsið átti í samstarfi við Endurmenntun HÍ, eins og oft áður, en námskeið voru haldin í tengslum við sýningar leikhússins á Gerplu og Íslandsklukkunni eftir Halldór Laxness á vormisseri. Einnig hafði leikhúsið samstarf við EHÍ og Borgarleikhúsið vegna námskeiðs um Shakespeare-sýningar leikhúsanna á jólum, Lé konung í Þjóðleikhúsinu og Ofviðrið í Borgarleikhúsinu.

Þjóðleikhúsið hefur haft samstarf við Sögueyjuna Ísland – Sagenhaftes Island í tengslum við undirbúning Bókameessunnar í Frankfurt 2011. Skoðaðir hafa verið

möguleikar á samstarfi við aðila í þýska leikhúsheiminum, auk þess sem Leikritunarsjóður Þjóðleikhússins, Prologos, stóð að vali og kynningu á átta nýjum íslenskum leikritum, með hugsanlega útgáfu í Þýskalandi í huga. Sagenhaftes sá um að dreifa kynningarefninu í Þýskalandi, og niðurstaðan er sú að þrjú ný íslensk verk, eftir Braga Ólafsson, Jón Atla Jónasson og Sigtrygg Magnason, verða gefin út saman á bók í Þýskalandi í haust. Prologos styrkir útgáfuna.

Leikhúsið gerði nemendum úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands kleift að sjá einleik Matthews Whittets, Silver, í fordyri Smíðaverkstæðisins.

Þjóðleikhúsið hafði samstarf við Listahátíð í Reykjavík með sýningum á Af ástum manns og hrærivélar, Bræðrum og Herra Pottur og ungfrú Lok í leikhúsinu.

Þjóðleikhúsið hafði samstarf við leiklistarhátíðina Lókal með sýningum á Nígeríusvindlinu og Undantekningunni í Kassanum í Þjóðleikhúsinu.

Leikritunarsjóður Þjóðleikhússins, Prologos, styrkti dansleikhússýninguna Þá skal ég muna þér kinnhestinn á Reykjavík Dance Festival.

Þjóðleikhúsið tók þátt í norrænu menningarhátíðinni Ting sem haldin var í Norræna húsinu í október. Sýningar leikhússins á Finnska hestinum og Gerplu voru liður í hátíðinni. Einnig bauð leikhúsið upp á leiklestur úr verkinu Hreinsun eftir Sofi Oksanen á höfundakvöldi í Norræna húsinu.

Fræðslustarf

Námskeiðahald og annað starf á vegum fræðsludeildar var í lágmarki vegna aðhalds í rekstri. Kynningarfulltrúi tók við móttöku hópa frá hausti 2010 en talsverð eftirspurn er eftir kynnisferðum um húsið og þá helst frá hinum ýmsu skólum landsins – allt frá leikskólum og upp í háskóla. Í nóvember síðastliðnum var til dæmis tekið á móti um 200 gestum í mismunandi stórum hópum. Talsvert er um að beðið sé um svokallaða starfskynningu, þar sem nemendur óska eftir að kynna sér hina fjölbreyttu starfsemi hússins. Hár- og förðunardeild og búningadeild eru t.d. afar vinsælar deildir hjá starfskynningarhópunum. Einnig hefur verið tekið á móti fyrirtækjahópum og skólahópum sem eru að koma á sýningar í húsinu og mæta þá klukkutíma fyrir sýninguna til að fá að líta við baksviðs.

Fræðsludeild Þjóðleikhússins var í áframhaldandi samstarfi við FLÍSS (Félag um leiklist í skólastarfi) sem stóð fyrir reglulegum leikhús-vinnusmiðjum fyrir kennara.

Verðlaun og viðurkenningar

Grímuverðlaunahátíðin var mikil viðurkenning fyrir nýliðið leikár í Þjóðleikhúsinu. Listamenn Þjóðleikhússins fengu alls 32 tilnefningar til Grímuverðlauna. Endanleg uppskera voru sex Grímuverðlaun.

Leikari ársins í aðalhlutverki: Ingvar E. Sigurðsson í Íslandsklukkunni.

Leikari ársins í aukahlutverki: Björn Thors í Íslandsklukkunni.

Leikkona ársins í aukahlutverki: Kristbjörg Kjeld í Hænuungunum.



Tónlist ársins: Eiríkur Stephensen og Hjörleifur Hjartarson fyrir tónlist í Íslandsklukkunni.

Búningar ársins: Helga Björnsson fyrir Íslandsklukkuna.

Hljóðmynd ársins: Walid Breidi fyrir hljóðmynd í Völvunni.



Sýningu Þjóðleikhússins á *Sindra silfurfiski* var boðið á Bibu barnaleikhúshátíðina í Svíþjóð vorið 2010, og sýningu leikhússins á *Gerplu* var boðið á Festspillene í Bergen vorið 2011. Einnig óskaði CDN Orléans leikhúsið eftir því að sýna *Sædýrasafnið*, samstarfssýningu frá árinu 2009, í Théâtre de Gennevilliers í París í febrúar 2011, en framkvæmd við leikferðina og kostnaður var í höndum CDNO.

Starfsemi á leiksviðunum

Frumskýningar á eigin verkum Þjóðleikhússins (áhorfendur á árinu 2010 alls, með forsýningum)

1. **Gerpla** eftir Halldór Laxness í leikgerð Baltasars Kormáks, Ólafs Egils Egilssonar og leikhópsins. Frumsýning 12.2.2010. Sýningar 32 og áhorf. 11.659.
2. **Hænuungarnir** eftir Braga Ólafsson. Frumsýning 27.2.2010. Sýningar 73 og áhorf. 10.337.
3. **Fíasól** eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur í leikgerð Kristínar Helgu Gunnarsdóttur og Vigdísar Jakobsdóttur. Frumsýning 13.3.2010. Sýningar 102 og áhorf. 8.948.
4. **Íslandsklukkan** eftir Halldór Laxness í leikgerð Benedikts Erlingssonar. Frumsýning 22.4.2010. Sýningar 54 og áhorf. 19.931.
5. **Af ástum manns og hrærivélar** eftir Ilmi Stefánsdóttur, Kristján Ingimarsson, Ólafu Hrönn Jónsdóttur og Val Frey Einarsson (á Listahátíð í Reykjavík). Frumsýning 20.5.2010. Sýningar 10 og áhorf. 1.283.
6. **Sögustund í Kúlunni - Karlsson, Lítill, Trítill og fuglarnir** eftir Friðrik Friðriksson, Baldur Trausta Hreinsson og Lilju Guðrúnu Þorvaldsdóttur. Frumsýning 10.9.2010. Sýningar 43 og áhorf. 4.300.
7. **Finnski hesturinn** eftir Sirkku Peltola. Frumsýning 15.10.2010. Sýningar 18 og áhorf. 6.274.
8. **Leitin að jóluunum** eftir Þorvald Þorsteinsson og Árna Egilsson. Endurfrumsýning, 27.11.2010. Sýningar 31 og áhorf. 2.449.
9. **Lér konungur** eftir William Shakespeare. Frumsýning 26.12.2010. Sýningar 4 og áhorf. 1.349.

Frumskýningar á samstarfsverkefnum:

10. **Bræður** eftir Ástrós Gunnarsdóttur og Láru Stefánsdóttur (Pars Pro Toto, á Listahátíð í Reykjavík). Frumsýning 27.5.2010. Sýningar 3 og áhorf. 929.
11. **Herra Pottur og ungfrú Lok** eftir Bohuslav Martinu og Christophe Garda (Operarctic félagið, á Listahátíð í Reykjavík). Frumsýning 29.5.2010. Sýningar 9 og áhorf. 633.
12. **Nígeríusvindið** eftir Aðalbjörgu Þóru Árnadóttur, Brynju Björnsdóttur, Davíð Frey Þórunnarson, Evu Rún Snorradóttur, Friðgeir Einarsson, Gunnar Karel Mátsson, Hlyn Pál Pálsson, Karl Ágúst Þorbergsson, Sögu Sigurðardóttur og Ylfu Áskelsdóttur (16 elskendur). Frumsýning 20.8.2010. Sýningar 7 og áhorf. 592.
13. **Hamskiptin** eftir Franz Kafka í leikgerð Gísla Arnar Garðarssonar og Davíðs Farrs (Vesturport). Endurfrumsýning 27.8.2010. Sýningar 10 og áhorf. 3.860.
14. **Kandíland** eftir Íslensku Hreyfipróunarsamsteypuna (Íslenska Hreyfipróunarsamsteypa). Frumsýning 30.12.2010. Sýningar 1 og áhorf. 137.

Frumskýningar á verkefnum Þjóðleikhússins alls: 14

Sýningar frá fyrra ári:

15. **Óliver!** eftir Lionel Bart. Sýningar hófust að nýju 2.1.2010. Sýningar 41 og áhorf. 14.794.
16. **Sindri silfurfiskur** eftir Áslaugu Jónsdóttur. Sýningar hófust að nýju 3.1.2010. Sýningar 10 og áhorf. 704.
17. **Brennuvargarnir** eftir Max Frisch. Sýningar hófust að nýju 8.1.2010. Sýningar 14 og áhorf. 4.834.

Gestaleikir:

18. **Bólu-Hjálmar** eftir Ármann Guðmundsson, Snæbjörn Ragnarsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason (Stoppaleikhópurinn). Sýningar frá 27.1.2010. Sýningar 2 og áhorf. 134.
19. **Þar sem sólin á heima** eftir Eddu Björgvinsdóttur (Sólheimaleikhúsið). Sýning 5.5.2010. Sýningar 1 og áhorf. 450.
20. **Áhugasýning ársins: Rokk** eftir Ástu Gísladóttur, Júlíu Hannam, Sigurð H. Pálsson og Þórarín Stefánsson (Hugleikur). Sýningar frá 10.6.2010. Sýningar 2 og áhorf. 271.
21. **Undantekningin** eftir Bertolt Brecht og leikhópin (Nya Rampen frá Helsinki á leiklistarhátíðinni Lókal). Sýningar frá 1.9.2010. Sýningar 2 og áhorf. 98.
22. **The Great Group of Eight** (Kviss búmm bang á leiklistarhátíðinni Lókal). Sýningar frá 2.9.2010.
23. **Hvað EF - skemmtifræðsla** eftir Guðmund Inga Þorvaldsson, Gunnar Sigurðsson og fleiri (540 Gólf leikhús). Sýningar frá 10.2010. Sýningar 41 og áhorf. 4.340.
24. **Mið-Ísland** uppistand í Leikhúskjallaranum (Mið-Ísland). Sýningar frá 12.2010. Sýningar 1 og áhorf. 150.

Sýningar í Þjóðleikhúsinu alls: 24

Íslensk verk sýnd á árinu:

1. **Gerpla** eftir Halldór Laxness í leikgerð Baltasars Kormáks, Ólafs Egils Egilssonar og leikhópsins.
2. **Hænuungarnir** eftir Braga Ólafsson
3. **Fíasól** eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur í leikgerð Kristínar Helgu Gunnarsdóttur og Vigdísar Jakobsdóttur
4. **Íslandsklukkan** eftir Halldór Laxness í leikgerð Benedikts Erlingssonar
5. **Af ástum manns og hrærivélar** eftir Ilmi Stefánsdóttur, Kristján Ingimarsson, Ólaffu Hrönn Jónsdóttur og Val Frey Einarsson
6. **Sögustund í Kúlunni - Karlsson, Lítill, Trítill og fuglarnir** eftir Friðrik Friðriksson, Baldur Trausta Hreinsson og Lilju Guðrúnu Þorvaldsdóttur
7. **Leitin að jólnum** eftir Þorvald Þorsteinsson og Árna Egilsson (endurfrumsýning)
8. **Bræður** eftir Ástrós Gunnarsdóttur og Láru Stefánsdóttur (Pars Pro Toto)
9. **Nígeríusvindlið** eftir Aðalbjörgu Þóru Árnadóttur, Brynju Björnsdóttur, Davíð Frey Þórunnarson, Evu Rún Snorradóttur, Friðgeir Einarsson, Gunnar Karel Másson, Hlyn Pál Pálsson, Karl Ágúst Þorbergsson, Sögu Sigurðardóttur og Ylfu Áskelsdóttur (16 elskendur)

10. **Hamskiptin** eftir Franz Kafka í leikgerð Gísla Arnar Garðarssonar og David Farr (Vesturport, endurfrumsýning)
11. **Kandíland** eftir Íslensku Hreyfipróunarsamsteypuna (Íslenska Hreyfipróunarsamsteypun)
12. **Sindri silfurfiskur** eftir Áslaugu Jónsdóttur
13. **Bólu-Hjálmar** eftir Ármann Guðmundsson, Snæbjörn Ragnarsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason (Stoppaleikhópurinn)
14. **Þar sem sólin á heima** eftir Eddu Björgvinsdóttur (Sólheimaleikhúsið)
15. **Áhugasýning ársins: Rokk** eftir Ástu Gísladóttur, Júlíu Hannam, Sigurð H. Pálsson og Þórarín Stefánsson (Hugleikur)
16. **The Great Group of Eight** (Kviss búmm bang á leiklistarhátíðinni Lókal)
17. **Hvað EF - skemmtifræðsla** eftir Guðmund Inga Þorvaldsson, Gunnar Sigurðsson og fleiri (540 Gólf leikhús)
18. **Mið-Ísland** uppistand í Leikhúskjallaranum (Mið-Ísland)

Frumssýningar á verkum eftir nýliða í Þjóðleikhúsinu (ekki gestaleikir):

1. **Hænuungarnir** eftir Braga Ólafsson
2. **Fíasól** eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur í leikgerð Kristínar Helgu Gunnarsdóttur og Vigdísar Jakobsdóttur
3. **Íslandsklukkan** eftir Halldór Laxness í leikgerð Benedikts Erlingssonar
4. **Af ástum manns og hrærivélar** eftir Ilmi Stefánsdóttur, Kristján Ingimarsson, Ólafu Hrönn Jónsdóttur og Val Frey Einarsson
5. **Sögustund í Kúlunni - Karlsson, Lítill, Trítill og fuglarnir** eftir Friðrik Friðriksson, Baldur Trausta Hreinsson og Lilju Guðrúnu Þorvaldsdóttur
6. **Bræður** eftir Ástrós Gunnarsdóttur/ Láru Stefánsdóttur (Pars Pro Toto)
7. **Nígeríusvindlið** eftir Aðalbjörgu Þóru Árnadóttur, Brynju Björnsdóttur, Davíð Frey Þórunnarson, Evu Rún Snorradóttur, Friðgeir Einarsson, Gunnar Karel Másson, Hlyn Pál Pálsson, Karl Ágúst Þorbergsson, Sögu Sigurðardóttur og Ylfu Áskelsdóttur (16 elskendur)
8. **Kandíland** eftir Íslensku Hreyfipróunarsamsteypuna (Íslenska Hreyfipróunarsamsteypun)

Leikverk fyrir börn og unglinga sýnd á árinu:

1. **Fíasól** eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur í leikgerð Kristínar Helgu Gunnarsdóttur og Vigdísar Jakobsdóttur
2. **Sögustund í Kúlunni - Karlsson, Lítill, Trítill og fuglarnir** eftir Friðrik Friðriksson, Baldur Trausta Hreinsson og Lilju Guðrúnu Þorvaldsdóttur
3. **Leitin að jólinum** eftir Þorvald Þorsteinsson og Árna Egilsson (endurfrumsýning)
4. **Herra Pottur og ungfrú Lok** eftir Bohuslav Martinu og Christophe Garda (Operarctic félagið)
5. **Óliver!** eftir Lionel Bart
6. **Sindri silfurfiskur** eftir Áslaugu Jónsdóttur
7. **Bólu-Hjálmar** eftir Ármann Guðmundsson, Snæbjörn Ragnarsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason (Stoppaleikhópurinn)
8. **Hvað EF - skemmtifræðsla** eftir Guðmund Inga Þorvaldsson, Gunnar Sigurðsson og fleiri (540 Gólf leikhús)

(Sjá nánar um sýningar ársins í viðauka)

Rekstrarleg markmið

Í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009-2013 voru kynnt áform um lækun ríkisútgjalda. Þar var miðað við vegna ársins 2011 niðurskurð um 9% af ársveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7% hjá menntastofnunum og 5% hjá velferðarstofnunum. Aðhaldskrafa gagnvart Þjóðleikhúsinu eins og hún birtist í fjárlögum ársins 2011 var þó í raun meiri, eða 9,7%.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 í m.kr.	Fjárlög 2010 í m.kr.	Fjárlög 2011 í m.kr.	Breyting frá reikn. %
Þjóðleikhúsið	716,2	707,8	647,0	-9,7

Ef litið er til þess sem Þjóðleikhúsið greiðir í laun árið 2010 þá eru það 663 milljónir. Þannig er Þjóðleikhúsið að greiða meira í laun árið 2010 en sem nemur heildarfjárveitingu ársins 2011 skv. fjárlögum. Þannig má staðhæfa að um 95 milljónum minna verður til launa á rekstrarárinu 2011 en rekstrarárinu 2010.

Að auki var framlag til viðhalds og tækjakaupa sem verið hefur 20 m.kr. undanfarin ár, fellt niður í fjárlögum ársins 2011. (969 Endurbætur menningarstofnana.)

Heildarniðurskurður til Þjóðleikhússins milli ára, eða á rekstrarárinu 2011 er því 12,4%.

Þegar niðurskurður ársins 2010 er tekinn inn í dæmið er niðurskurður á opinberri fjárveitingu til Þjóðleikhússins um 15% á tveggja ára tímabili. Þess ber að geta að Þjóðleikhúsið greiðir húsaleigu til Fasteigna ríkissjóðs vegna afnota af leikhúsbyggingunni að upphæð um 62 m.kr. Húsaleiga er greidd af opinberu framlagi til leikhússins. Framlag til starfsemi leikhússins skerðist sem því nemur.

Með það að markmiði að bregðast við þeirri aðhalds- og niðurskurðarkröfu sem birtist með fjárlögum ársins 2011 í tíma var gripið til eftirfarandi aðgerða á árinu 2010.

1. Uppsagnir: Fastur launakostnaður lækkaður með uppsögnum og tilfærslu verkefna.
2. Deildaskipting einfölduð og deildir sameinaðar.
3. Eigin verkefnum á minni sviðunum (í Kassa og Kúlu) fækkað.
4. Kostnaði vegna umgjarðar verkefna settar skorður.
5. Dregið úr ráðningum lausamanna í stoðdeildum.


Fjárhagsleg markmið og afkoma

Á árinu 2010 var lögð áhersla á að halda rekstrinum í jafnvægi og mæta aðhaldskröfum. Með samstilltu átaki allra starfsmanna og miklum árangri í miðasölu sem hélst í hendur við listræna sigra, var rekstrarniðurstaða ársins jákvæð þriðja árið í röð. Strangt aðhald var í öllum aðföngum og lögð áhersla á raunlækkun launakostnaðar með betri nýtingu vinnuafls og vinnutíma. Hugað var að föstum kostnaði og reynt að halda honum í hófi, án þess að ganga um of á afkastagetu starfsmanna, eða skerða þjónustu við leikhúsgesti.

Vegna boðaðs niðurskurðar fyrir rekstrarárið 2011, var starfið á skrifstofu og deildum hússins endurskiplagt. Afráðið var að auglýsa stöðu framkvæmdastjóra við Þjóðleikhúsið og Ari Matthíasson ráðinn til starfsins frá 15. ágúst, en Ari er með BFA gráðu í leiklist, MBA gráðu í stjórnun og rekstri frá HR og M.Sc gráðu í hagfræði frá HÍ. Endurskipulagning starfseminnar fól það meðal annars í sér að nokkur stjórnunarstörf voru lögð niður og unnið að almennri fækkun starfsmanna og sameiningu deilda. Þau störf sem lögð voru niður voru starf mannauðsstjóra, tónlistarstjóra, leikþular/hvíslara, skipulagsstjóra, húsvarðar og sölufulltrúa. Samið var við rekstrarstjóra um 60% starfshlutfall og fræðslustjóra um 25% starfshlutfall. Starfslýsingu nokkurra starfsmanna og ábyrgðarsviðum var breytt í kjölfarið. Að auki varð fækkun á deildum hússins.


Það er ljóst að lengra verður ekki gengið hvað hagræðingu í rekstri varðar, ef Þjóðleikhúsinu á að takast að sinna hlutverki sínu sem höfuðstofnun leiklistarinnar í landinu. Þjóðleikhúsið er einnig háð sjálfsaflatekjum, sem hafa verið að aukast undanfarið, en skert starfsemi og fækkun verkefna felur einnig í sér skerta möguleika til að afla tekna.

Það er því brýnt að ekki komi til frekari aðhaldskrafna af hálfu stjórnvalda á næstunni, heldur leitað mótvægis við þær aðgerðir sem þegar hafa átt sér stað, með öllum tiltækum ráðum. Ef þróun í fjárveitingum til Þjóðleikhússins frá árinu 2005 er skoðuð, miðað við fast verðlag, er ljóst að hún er á einn veg, en skerðingin er orðin um 35% á tímabilinu. Það er rík ástæða til að hvetja menningaryfirvöld til að staldra við, en ef svo heldur fram sem horfir, gætu afleiðingar þessarar þróunar orðið alvarlegar, ekki aðeins fyrir Þjóðleikhúsið og starfsemi þess, heldur einnig menningarlífið í landinu.



Breytt skipulag

Skipulag starfsins í húsinu var endurskoðað í kjölfar þeirra aðgerða sem gripið var til og þeirra breytinga sem þær leiddu af sér og nýtt skipurit samþykkt í þjóðleikhúsráði í lok árs.




¹ Nánari skilgreiningu á starfsemi leikhússins er að finna í viðauka.


Aðsókn og tekjunýting

Ef litið er til síðustu þriggja ára um samanburð á miðasölutekjum, tekjum leikhússins og fjölda sýninga, þá hefur þróunin verið á einn veg. Markmið ársins miðuðu við að viðhalda stöðuleika, en útkoman var betri í öllum atriðum, þar sem mælanlegum viðmiðum verður við komið.


Tekjur af miðasölu hafa vaxið í krónutölu jafnt og þétt frá árinu 2008.




Sé miðasala færð á fast verðlag m.v. vísitölu neysluverðs má sjá að árið 2010 var sérlega hagfellt.



Sértekjur ársins voru alls 264 milljónir, en þar er talin með vörusala og útleiga. Þetta hefur gerst samhlíða fjölgun sýninga, eða úr 375 sýningum árið 2008 í 412 árið 2009 og 504 árið 2010. Það er þriðjungs fjölgun á þriggja ára tímabili.



Aðsókn hefur verið með miklum ágætum og vaxandi. Í lok ársins höfðu 99.708 gestir komið á sýningar Þjóðleikhússins og hafa þeir ekki verið fleiri í tæp tuttugu ár, eða frá árinu 1992.



Markaðs- og kynningarstarf

Í lok ársins urðu nokkrar breytingar í markaðsdeild, eins og öðrum deildum Þjóðleikhússins. Ný markaðsstjóri, Sigurlaug Þorsteinsdóttir, tók við sameinuðu starfi markaðsstjóra og sölustjóra.

Þrjár áskriftarleiðir voru í boði:

- **Opið kort.** Opna kortið er í reynd fjórir leikhúsmiðar þar sem gesturinn ræður nýtingunni. Þannig ræður hann hvort hann sér fjórar sýningar að eigin vali eða notar alla miðana fjóra á sömu sýninguna.
- **Áskriftarkort.** Þar festir gesturinn sér sæti á ákveðnar fjórar sýningar.
- **Kort fyrir 25 ára og yngri.** Kort sem er búið öllum eiginleikum hins opna korts, en á sérkjörum sem aðeins bjóðast ungu fólki. Kortið er liður í viðleitni Þjóðleikhússins til að stuðla að leikhúsuppeldi á Íslandi.

Starfsmenn

Í Þjóðleikhúsinu starfar fjölbreyttur hópur úrvals starfsmanna. Heildarfjöldi á launaskrá ársins 2010 var 347 en ársverk við Þjóðleikhúsið eru 98,9. Mjög margt starfsfólk starfar sem verkefnaráðið, svo sem listamenn og listrænir stjórnendur, eða lausráðið, s.s. við móttöku og þjónustu við leikhúsgesti. Að auki starfaði fjöldi fólks tímabundið við leikhúsið vegna samstarfsverkefna, en þeirra er getið sérstaklega.

Fjöldi starfsfólks eftir deildum, fastráðið (lausráðið):

- Skrifstofa og stjórnun: 11
- Kynningardeild og miðasala: 6 (11)
- Gestamóttaka: 1 (33)
- Sviðsdeild: 7 (33)
- Búningadeild: 6 (7)
- Leikmunir: 4 (2)
- Ljósadeild: 5 (8)
- Hljóðdeild: 4(2)
- Hárgreiðsla og förðun: 5 (10)
- Sýningarstjórn: 3
- Fræðsludeild og barnaleikhús: 2
- Húsvarsla, ræsting, mötuneyti: 6
- Aðrir: (8)

Starfandi listamenn við Þjóðleikhúsið

Fjöldi listamanna starfar við Þjóðleikhúsið á hverjum tíma og myndar kjarna þess skapandi starfs sem unnið er við leikhúsið. Á árinu 2010 var skipting á milli hinna listrænu sviða með eftirfarandi hætti:

- Leikstjórar: (10)
- Leikmynda og búningahöfundar: (12)
- Tónhöfundar: (6)
- Danshöfundar: (3)
- Aðstoðarmenn leikstjóra: (4)
- Leikarar: 36 (36)
- Aukaleikarar og börn (36)
- Tónlistarmenn: (29)
- Hvíslari 1

Samtals fastráðnir: 97, verkefna- og lausráðnir: 250, samtals: 347.

Vegna samstarfsverkefna störfuðu um 70 manns tímabundið í Þjóðleikhúsinu.

Heildarfjöldi þeirra sem komu að starfinu er því vel ríflega 410.

Innra starf

Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd Þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn bornar undir ráðið. Þjóðleikhúsráð hittist að jafnaði einu sinni í mánuði.

Í þjóðleikhúsráði sitja þrír ráðsmenn skipaðir af ráðherra, án tilnefningar og skal einn af þeim vera formaður, fulltrúi frá Félagi leikstjóra (FLÍ), fulltrúi frá Félagi íslenskra leikara (FÍL) og áheyrnarfulltrúi starfsmanna.

Ráðið var skipað svo á árinu: Ingimundur Sigfússon, formaður, Halldór Guðmundsson, varformaður, Líska Kristjánsdóttir (Andri Snær Magnason tók hennar sæti hluta úr ári vegna orlofs), Ásdís Skúladóttir, í umboði Leikstjórafélags Íslands og Randver Þorláksson, í umboði Félags íslenskra leikara.

Áheyrnarfulltrúi starfsmanna fyrri hluta árs var Margrét Sigurðardóttir en síðari hluta árs Hallur Helgason.

Listráð leikhússins er ráðgjafanefnd, sem vinnur með leikhússtjóra og leiklistarráðunaut að verkefnavali og listrænni áætlanagerð. Í listráði sátu á fyrri helmingi ársins þau Kristín Jóhannesdóttir leikstjóri, Stefán Jónsson leikstjóri, Bjarni Jónsson leikskáld og Ólafur Darri Ólafsson, sem situr í ráðinu sem fulltrúi leikara við húsið. Aðrir í ráðinu taka sæti samkvæmt tilmælum leikhússtjóra. Á síðari helmingi ársins vék Bjarni Jónsson úr ráðinu, eða þegar hann fór á höfundasamning við húsið.

Reglulegir fundir þjóðleikhússtjóra og leiklistarráðunautar með leikurum hússins voru að jafnaði tvisvar í mánuði, samráðsfundir helstu stjórnenda á lista-, rekstrar- og markaðssviði eru reglulega einu sinni í viku sem og fundir framkvæmdastjóra með deildarstjórum hússins. Starfsmannafundir eru haldnir reglulega yfir starfsárið þar sem farið er yfir starfið í húsinu og helstu áherslur. Reglulega er sent út innanhússfréttabréf.

Leikhúsið stendur fyrir endurmatsfundum með listrænum stjórnendum og ábyrgðaraðilum á deildum að loknum frumsýningum. Einnig heldur yfirstjórn hússins endurmatsfund að vori með starfsfólki listasviðs og markaðsdeildar.

Starfsmannasamtöl voru tekin á árinu og stefnt að því að starfsfólk fái árlegt samtal framvegis.

Starfsmannafélag Þjóðleikhússins stóð fyrir fjölsótttri óvissuferð að vori og jólahlaðborði. Leikhúsið bauð til árshátíðar sem haldin var í Leikhúskjallaranum. Starfsfólk stóð fyrir skemmtun í Leikhúskjallara, Hrekkjusvínakvöldi, þar sem lög af samnefndri plötu voru flutt af listamönnum hússins. Matthew Whittet, dramatúrg í Lé konungi, bauð starfsfólki að sjá einleik sinn Silver í fordyri Smíðaverkstæðisins.

Á hverjum miðvikudagsmorgni býðst starfsfólki að taka þátt í stuttri samverustund sem hefur hlotið heitið Mjúkir miðvikudagsmorgnar. Leikhúsið býður upp á léttan morgunverð og starfsfólk stendur fyrir ýmsum uppákomum og kynningum, m.a. á verkefnum hússins.

Starfsmannastefna

Starfsmannastefna Þjóðleikhússins var skráð árið 2007, en unnið var að endurskoðun hennar á árinu, og fjölmennir hugarflugsfundir starfsmanna voru haldnir þar sem stefnan var skoðuðu og endurskoðuð. Unnin var ný heildstæð stefna á grunni þeirra tillagna og tilmæla sem fram komu í samráði við ráðgjafafyrirtækið Attentus, mannauður og ráðgjöf. Starfsmannastefnan er aðgengileg starfsfólki á innra neti leikhússins.

Jafnréttisstefna

Jafnréttisáætlun Þjóðleikhússins var skráð árið 2007. Hún er yfirfarin reglulega. Jafnréttisstefnan er aðgengileg starfsfólki á innra neti leikhússins.

Húsnæðismál

Í leikhúsinu hafa verið iðnaðarmenn að störfum nánast allt árið sem vinna við hin ýmsu verkefni, stór og smá. Stærstu verkin voru þó unnin yfir sumartímann, skipt var út timburgólfi og stálgrindum komið fyrir í staðinn á sperruloftinu sem er 20,5m fyrir ofan Stóra sviðið og minnkar það brunahættu til muna. Loftræstikerfi var endurgert fyrir áhorfendasal, þar var tekin stór og mikil samstæða sem taka þurfti í sundur á staðnum en hefur það kerfi þjónað sínum tilgangi frá opnun leikhússins. Einnig voru gerðar breytingar á lagnastokkum ásamt því að aukið var við útsog fyrir nýtt þvottahús í kjallara sem bætt hefur vinnuaðstöðu búningadeildar til muna ásamt aðstöðu fyrir daglegan þvott. Grind við hitaveituinntak hússins var endurnýjuð sem eykur sparnað og er von á hússtjórnarkerfi seinna meir sem auðveldar yfirsýn á notkun hitaveitu og streymi loftræstikerfa. Önnur smærri verk hafa einnig sett svip á framkvæmdir yfir árið eins og málningarvinna, múrvinna bæði innan- sem utandyra og margt annað tilfallandi. Í framanddyri leikhússins var gerð breyting á lýsingu og sett var upp hátalarakerfi sem eykur öryggi gesta og starfsmanna. Sölubásar voru einnig færðir til sem eykur þægindi og þjónustu við gesti.

Árið 2011 verður framhald á breytingum á loftræstikerfum hússins og gagngerum endurbótum á gestasalernum í Leikhúskjallara en þeim framkvæmdum var frestað síðasta sumar. Áframhald er á viðhaldi í starfsmannarýmum hússins og byrjað er að huga að yfirferð og „tiltekt“ í gömlum rafmagnsköplum sem leynast víða. Ýmsar breytingar eru framundan eins og breytingar á miðasölu í framhúsi og milligólf í anddyri Smíðaverkstæðis sem mun auka geymslupláss sem ávallt er mikill skortur á hér í leikhúsinu.

Öryggismál

Í byrjun ársins lauk vinnu í samvinnu við Fasteignir ríkisins og verkfræðistofunnar VSI við handbók um eigið eftirlit hússins. Sú handbók auðveldar vinnu við eftirlit á öryggisþáttum og brunaftirlit.

Starfsmaður í öryggisnefnd sótti námskeið hjá Vinnueftirlitinu í tengslum við áhættumat og mun hefja vinnu á því er nær dregur sumri. Ekki er búið að ákveða dagsetningu varðandi rýmingaræfingu og vonast er til þess að hægt sé að halda öryggis- og skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk með haustinu.

Hvað öryggismál varðar almennt erum við mjög ánægð með framvindu mála síðustu ár og vinnum í góðri samvinnu við Fasteignir að framgangi þeirra mála.

Verkefni til framtíðar

Eins og áður er nefnt hefur Þjóðleikhúsið haft samstarf við Sagenhaftes Island vegna *Bókamessunnar í Frankfurt* haustið 2011, og er nú þegar ljóst að gefin verða út þrjú íslensk leikrit á þýsku, með stuðningi frá Prologos, leikritunarsjóði Þjóðleikhússins.

Samstarf leikhússins við leikstjóra Lés konungs, *Benedict Andrews*, var einkar ánægjulegt. Sýningin á Lé konungi markaði ákveðin tímamót og var listrænn sigur, auk þess sem leikarar, annað listafólk og starfsfólk hússins var afar ánægt með samstarfið. Leikhúsið vill gjarnan nýta tækifærið og efna til áframhaldandi samstarfs við þennan framúrskarandi leikhúslistamann, sem er afar eftirsóttur af erlendum leikhúsum. Þegar hafa verið lögð drög að hugsanlegu samstarfi á árinu 2012, og er þar helst litið til verka Shakespeares.

Verkefnaskrá leikhússins á vormisseri 2011 hefur þegar verið kynnt, en gert er ráð fyrir að helstu sýningar á haustmisseri 2012 verði þessar: Endurfrumsýning á hinni geysivinsælu sýningu *Listaverkinu*, með Hilmi Snæ Guðnasyni, Baltasar Kormáki og Ingvari E. Sigurðssyni í hlutverkum. Frumsýning á leikritinu *Hreinsun* eftir Sofi Oksanen, en höfundurinn hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2010 fyrir skáldsögu sem hún byggði á leikritinu. *Sannleikurinn* eftir Auði Övu Ólafsdóttur sem hefur getið sér gott orð fyrir skáldsagnagerð, en skrifar nú í fyrsta sinn fyrir leikhús, með styrk frá Leikritunarsjóðnum Prologos.

Fjöldi *íslenskra verka* er nú til umfjöllunar hjá listráði Þjóðleikhússins, en mörg þeirra hafa verið unnin með styrk frá Prologos, og vonast leikhúsið til að geta sýnt einhver þessara verka í náinni framtíð. Leikhúsið er einnig í góðu samstarfi við höfunda um þróun verka, sem ýmist eru leikgerðir byggðar á bókmenntaverkum, eða sjálfstæð verkefni.

Markmið ársins 2011

Leikhús samtímans

- Að miða að því að halda úti fjölbreyttu og öflugu leiklistarstafi í Þjóðleikhúsinu í samræmi við lögbundnar skyldur stofnunarinnar og almennar væntingar, þrátt fyrir skerta fjárveitingu.
- Að miða að því að aðgerðir til hagræðingar í rekstri skili sér þannig að takast megi að viðhalda stöðugleika í rekstri Þjóðleikhússins.
- Að leita leiða til að efla og styrkja menningarlega sjálfsmynd þjóðarinnar með því að leggja áherslu á íslenska leikritun og frumsköpun, með sviðsetningum á íslenskum verkum og leikgerðum.

Leikhús framtíðarinnar

- Að leggja rækt við leiklistaruppeldi með fjölbreyttu framboði á sýningum fyrir yngstu leikhúsgestina.

Leikhús þjóðarinnar

- Að efla gagnvirkt samband við ungt leikhúsáhugafólk utan höfuðborgarsvæðisins, með Þjóðleiksverkefni, bæði á Austur- og Norðurlandi.
- Að bjóða athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins í leikhúsið til sýningahalds.

Framsækið leikhús

- Að leggja rækt við og efla samstarf við erlent leikhúslistafólk.

Aðgengilegt leikhús

- Að efla kynningarstarf og gagnvirka upplýsingamiðlun til gesta og almennings.

Sterkt leikhús

- Að efla starfsandann og leggja rækt við jákvæða ímynd starfsemi Þjóðleikhússins, innávið jafnt sem útávið.
- Að leggja rækt við listrænt starf og endurnýjun og miða að því að við húsið starfi að jafnaði framúrskarandi listamenn.

Reykjavík, 10. febrúar 2011.

Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri

Viðauki 1

Leiksýningar Þjóðleikhússins árið 2010 – nánari upplýsingar

Gerpla eftir Halldór Laxness

Leikgerð: Baltasar Kormákur og Ólafur Egill Egilsson, í samvinnu við leikhópinn

Leikstjórn: Baltasar Kormákur

Leikmynd: Gretar Reynisson

Búningar: Helga I. Stefánsdóttir

Lýsing: Lárus Björnsson

Hljóðmynd: Gísli Galdur Þorgeirsson



Leikarar:

Atli Rafn Sigurðarson, Björn Thors, Brynhildur Guðjónsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson, Ólafur Egill Egilsson, Sindri Birgisson, Stefán Hallur Stefánsson

Íslandsklukkan

eftir Halldór Laxness

Leikgerð og leikstjórn: Benedikt Erlingsson

Leikmynd: Finnur Arnar Arnarson

Búningar: Helga Björnsson

Lýsing: Halldór Örn Óskarsson og Lárus Björnsson

Tónlist: Eiríkur Stephensen og Hjörleifur Hjartarson



Leikarar:

Anna Kristín Arngrímsdóttir, Arnar Jónsson, Björn Hlynur Haraldsson/Benedikt Erlingsson, Björn Thors, Edda Arnljótsdóttir, Elva Ósk Ólafsdóttir, Erlingur Gíslason, Guðrún Snæfríður Gísladóttir, Herdís Þorvaldsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir/Brynhildur Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Jón Páll Eyjólfsson, Kjartan Guðjónsson, Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson, Stefán Hallur Stefánsson/Ólafur Egill Egilsson, Þórunn Lárusdóttir Eiríkur Stephensen, Hjörleifur Hjartarson

Hænuungarnir

eftir Braga Ólafsson

Leikstjórn: Stefán Jónsson

Leikmynd: Börkur Jónsson

Búningar: Ríkey Kristjánsdóttir

Lýsing: Halldór Örn Óskarsson



Leikarar:

Eggert Þorleifsson, Friðrik Friðriksson, Kristbjörg Kjeld, Pálmi Gestsson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir

Fíasól

eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur

Leikstjórn: Vigdís Jakobsdóttir

Tónlist: Ingó í Veðurguðunum

Söngtextar: Kristín Helga Gunnarsdóttir

Leikmynd og leikmunir: Högni Sigurþórsson

Myndræn útfærsla: Halldór Baldursson

Búningar: Leila Arge

Lýsing: Jóhann Bjarni Pálmason

Hljóðmynd: Halldór Snær Bjarnason



Leikarar:

Lára Sveinsdóttir, María Pálsdóttir, Sindri Birgisson

Finnski hesturinn

eftir Sirkku Peltola

Leikstjórn: María Reyndal

Leikmynd: Ilmur Stefánsdóttir

Búningar: Margrét Einarsdóttir

Hljóðmynd og myndbandshönnun: Pierre-Alain Giraud

Tónlist: Angil and the Hiddentracks

Lýsing: Lárus Björnsson

Þýðing: Sigurður Karlsson



Leikarar: Harpa Arnardóttir, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Kjartan Guðjónsson, Lára Sveinsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Þórunn Lárusdóttir

Leitin að jólunum eftir Þorvald Þorsteinsson og Árna Egilsson
(endurfrumsýning)

Leikstjórn: Þórhallur Sigurðsson

Búningar: Þórunn Elísabet Sveinsdóttir

Tónlist: Árni Egilsson

Útsetningar: Davíð Þór Jónsson



Leikarar:

Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Guðrún Snæfríður Gísladóttir, Hilmir

Jensson, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Ólafur Egill Egilsson, Þórunn Arna Kristjánsdóttir,

Þórunn Erna Clausen, Ævar Þór Benediktsson

Tónlistarflutningur: Vadim Federov, Darri Mikaelsson

Lér konungur

eftir William Shakespeare

í þýðingu Þórarins Eldjárns

Leikstjórn: Benedict Andrews

Leikmynd: Börkur Jónsson

Búningar: Helga I. Stefánsdóttir

Tónlist: Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir

Hljóðmynd: B.J. Nilsen

Lýsing: Halldór Örn Óskarsson

Dramatúrg: Matthew Whittet

Aðstoðarleikstjóri: Friðrik Friðriksson



Leikarar:

Arnar Jónsson, Atli Rafn Sigurðarson, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Baldur Trausti Hreinsson,

Eggert Þorleifsson, Hannes Óli Ágústsson, Hilmir Jensson, Margrét Vilhjálmsdóttir, Ólafía Hrönn

Jónsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson, Ólafur Egill Egilsson, Pálmi Gestsson, Stefán Hallur Stefánsson,

Vigdís Hrefna Pálsdóttir

Hljóðfæraleikur: Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir/Sólrún Sumarliðadóttir

Af ástum manns og hrærivélar

eftir Ilmi Stefánsdóttur, Kristján Ingimarsson, Ólafíu Hrönn Jónsdóttur og
Val Frey Einarsson

Leikstjórn: Valur Freyr Einarsson

Leikmynd og búningar: Ilmur Stefánsdóttir

Tónlist og hljóðmynd: Davíð Þór Jónsson

Lýsing: Ólafur Ágúst Stefánsson



Leikarar: Kristján Ingimarsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir

Samstarfsverkefni Þjóðleikhússins, CommonNonsense og Listahátíðar í Reykjavík.

Sögustund í Kúlunni - Karlsson, Lítill, Trítill og fuglarnir eftir
Friðrik Friðriksson, Baldur Trausta Hreinsson og Lilju Guðrúnu
Þorvaldsdóttur
Leikstjórn: Friðrik Friðriksson
Leikmynd: Trygve J. Eliassen
Lýsing: Ólafur Ágúst Stefánsson

Leikarar:
Baldur Trausti Hreinsson, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir



Bræður

eftir Ástrós Gunnarsdóttur og Láru Stefánsdóttur
Leikstjórn og kóreógraffa: Ástrós Gunnarsdóttir
og Lára Stefánsdóttir
Texti: Hrafnhildur Hagalín
Leikmynd og búningar: Filippía I. Elísdóttir
Tónlist: Ragnhildur Gísladóttir
Lýsing: Lárus Björnsson og Halldór Örn Óskarsson
Tónlistarflutningur: Jorma Uitoninen, Ragnhildur Gísladóttir,
Borgar Magnason



Leikarar og dansarar:
Aðalsteinn Kjartansson, Ástrós Gunnarsdóttir, Brian Gerke, Gunnlaugur Egilsson, Ívar Helgason,
Ívar Örn Sverrisson, Jorma Uotinen, Karl Hjaltason, Kolbeinn Björnsson, Lára Stefánsdóttir,
Oddur Júlíusson, Sigurður Andrean Sigurgeirsson, Sveinn Breki Hróbjartsson, Viktor Leifsson,
Vinicius
Samstarfsverkefni Þjóðleikhússins, Pars Pro Toto og Listahátíðar í Reykjavík.

Herra Pottur og ungfrú Lok

Tónlist eftir Bohuslav Martinu og saga eftir Christophe Garda
í þýðingu Hlökkvers Ellertssonar
Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir
Leikmynd, brúður og búningar: Katrín Þorvaldsdóttir
Lýsing: Jóhann Bjarni Pálmason
Sögumaður og leikari: Sólveig Simha
Hljóðfæraleikarar: Ármann Helgason, Kristín Mjöll Jakobsdóttir, Eiríkur Örn Pálsson, Sif Tulinius,
Sigurður Halldórsson, Ástríður Alda Sigurðardóttir
Samstarfsverkefni Óperarctic félagsins, Þjóðleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.

Nígeríusvindlið

eftir 16 elskendur
Höfundar og flytjendur: Aðalbjörg Þóra Árnadóttir, Brynja
Björnsdóttir, Davíð Freyr Þórunnarson, Eva Rún Snorradóttir,
Friðgeir Einarsson, Gunnar Karel Másson, Hlynur Páll Pálsson, Karl
Ágúst Þorbergsson, Saga Sigurðardóttir og Ylfa Áskelsdóttir.
Í samstarfi við 16 elskendur.



Kandíland

eftir Íslensku Hreyfiþróunarsamsteypuna
Leikstjórn: Víkingur Kristjánsson
Dramatúrg: Ásgerður G. Gunnarsdóttir
Sviðsmynd: Eirún Sigurðardóttir
Hljóðmynd: Gísli Galdur Þorgeirsson
Dansarar: Katrín Gunnarsdóttir, Melkorka Sigríður, Ragnheiður S.
Bjarnarson og Vigdís Eva Guðmundsdóttir
Leikari: Sveinn Ólafur Gunnarsson
Í samstarfi við Íslensku Hreyfiþróunarsamsteypuna



Viðauki 2

Leikritunarsjóðurinn Prologos

Starfsemi Leikritunarsjóðsins Prologos var afar blómleg á árinu. Sjóðnum er ætlað að efla íslenska leikritun og hvetja til nýsköpunar í leikhúsinu, og óhætt er að segja að sjóðurinn hafi nú þegar boðið fjölda leikhúsfólks mikilsverð tækifæri til að vinna að list sinni.



Mynd frá síðustu úthlutun úr Prologos en þá hlutu höfundastyrk þeir Sigurður Pálsson til að skrifa verkið *Segulsvið* og Friðgeir Einarsson til að skrifa verkið *Hreindýr*. Leiksmiðjustyrk hlutu Helga Arnalds o.fl. í leikhópnum Bakarífinu til að vinna brúðu- og hlutaleikhússverkið *Hlustað á efnið*, Leifur Þór Þorvaldsson til að vinna dansverkið *Ubermarionnettes* og Gísli Örn Garðarsson til að vinna að leiksýningunni *Goðin*.

Prologos hefur á starfstíma sínum veitt alls sextán handritsstyrki og styrkt fjórtán leiksmiðjuverkefni. Nú þegar hafa alls níu þessara verkefna verið sýnd eða sett á verkefnaskrá leikhúsa og dansflokka, og hafa sum þeirra verið sýnd á leiklistar- og danshátíðum. Prologos hefur einnig styrkt leikritaútgáfu og kynningu á íslenskum leikritum á erlendra grundu.

Prologos starfar við Þjóðleikhúsið og leikhúsið veitir styrkhöfum Prologos stuðning með ýmsum hætti, býður þeim listræna ráðgjöf, aðstöðu og samvinnu við listafólk hússins. Að endingu getur Þjóðleikhúsið hugsanlega orðið sýningarstaður verkefna. Nokkur verkefni hafa þegar komist á dagskrá leikhússins og fleiri eru í undirbúningi.

Umsóknum í sjóðinn hefur stöðugt fjölgað, eða úr 24 í upphafi til 65 umsókna við síðustu úthlutun, en alls hafa 280 umsóknir um handrits- og leiksmiðjustyrki borist Prologos frá upphafi. Sá fjöldi spennandi umsókna sem berst Prologos er órækur vitnisburður um þann mikla frumkraft sem býr í íslensku sviðslistafólki um þessar mundir, og þörf fyrir fjármagn í sviðslistageiranum er mikil.

Upphaflegt úthlutunarfé Prologos, 16 milljónir, er nú upp urið. Vegna breyttra aðstæðna í fjármálalífi landsins hefur ekki tekist að útvega meira úthlutunarfé fyrir sjóðinn, og því fyrirsjáanlegt að ekki verði úthlutað úr honum í nánustu framtíð. Greinilegt er að þörfin fyrir sjóð af þessu tagi er afar rík, og það er missir að starfsemi hans, jafnt fyrir listalífið og Þjóðleikhúsið. Sjóðurinn hefur gert leikhúsinu kleyft að þróa leikverk í samstarfi við höfunda frá frumhugmyndum og um leið eflt tengsl leikhússins við íslensk leikskáld og margskonar frumkvöðla- og grasrótastarfsemi í leikhúsgeiranum.

Á árinu 2010 hlutu styrki úr Prologos:

Handritsstyrkir (hver að upphæð kr. 600.000):

1. **Hrafnhildur Hagalín:** Sek
2. **Hlín Agnarsdóttir:** Flóttamenn
3. **Guðmundur Kr. Oddsson:** Blindhríð
4. **Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir:** Ást
5. **Sigurður Pálsson:** Segulsvið
6. **Friðgeir Einarsson:** Hreindýr

Styrkir til leiksmiðju- og tilraunaverkefna (sjá styrkuppþæðir við hvert verkefni):

7. **Shalala** (Valdimar Jóhannsson + Erna Ómarsdóttir, Sjón, Karen María Jónsdóttir, Sigríður Soffía Níelsdóttir, Flosi Þorgeirson, Óttar Proppe, Sigtryggur Berg Sigmarsson, Ólafur Darri Ólafsson, Jón Þór Þorleifsson, Páll Einarsson, Esther Welger-Barboza): Inn að beini, dansleikhússpjallþáttur. *Kr. 500.000.*
8. **Krummafótur kompaní** (Katrín Gunnarsdóttir + Saga Sigurðardóttir, Sigríður Soffía Níelsdóttir, Snædís Lilja Ingadóttir, Karen María Jónsdóttir, Nína Óskarsdóttir, Sólrún Sumarliðadóttir): Nú skal ég muna þér kinnhestinn. *Kr. 400.000.*
9. **Íslenska hreyfipróunarsamsteypa** (Ásgerður Guðrún Gunnarsdóttir + Katrín Gunnarsdóttir, Melkorka Sigríður Magnúsdóttir, Ragnheiður Sigurðard. Bjarnarson, Vigdís Eva Guðmundsdóttir, Víkingur Kristjánsson, Hannes Óli Ágústsson, Gjörningaklúbburinn (Sigrún Hrólfsdóttir, Jóní Jónsdóttir og Eirún Sigurðardóttir), Hallur Ingólfsson): Kandíland. *Kr. 400.000.*
10. **Sigríður Soffía Níelsdóttir:** Reykjavík – Bruxelles. *Kr. 300.000.*
11. **Kristín Eysteinsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson, Þórarinn Eldjárn:** Er ekki allt í lagi? *Kr. 300.000.*
12. **Gísli Örn Garðarsson:** Goðin. *Kr. 300.000.*
13. **Bakaríið/Helga Arnalds o.fl.:** Hlustað á efnið. *Kr. 300.000.*

Sjóðurinn hefur unnið að vali og kynningu á íslenskum leikritum vegna Bókamessunnar í Frankfurt 2011, og mun styrkja útgáfu leikrita á þýskri tungu.

Í stjórn Prologos sitja Bjarni Ármannsson, Kristbjörg Kjeld og Tinna Gunnlaugsdóttir. Í fagraði sátu árið 2010 Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Þorvaldur Þorsteinsson/Kjartan Ragnarsson og Stefán Jónsson.



Þjóðleikur – Þjóðleikhús unga fólksins

Fræðsludeild Þjóðleikhússins hafði á leikárinu 2008-2009 frumkvæði að tilraunaverkefninu **Þjóðleik** sem fram fór á öllu Austurlandi og unnið var í samstarfi við Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs og fleiri aðila á svæðinu. Um er að ræða n.k. leiklistarhátíð ungs fólks, sem hefur það að markmiði m.a.:

- Að vekja áhuga ungs fólks á leiklist og efla læsi þess á listformið.
- Að tengja Þjóðleikhúsið á lifandi hátt við landsbyggðina.
- Að miðla af fagþekkingu leikhússins til leikhúsáhugafólks.
- Að styrkja íslenska leikritun.

Óhætt er að segja að verkefnið hafi heppnast frábærlega vel. 200 ungmenni allt frá Höfn í Hornafirði til Vopnafjarðar tóku þátt í uppsetningu 14 mismunandi leiksýninga á þremur glænýjum leikritum eftir þau Bjarna Jónsson, Þórdísi Elvu Þorvaldsóttur og Sigtrygg Magnason.

Þjóðleikur 2010-2011

Á yfirstandandi leikári fer Þjóðleikur fram öðru sinni og er markmiðið að leiklistarhátíðin verði að föstum viðburði sem fram fer annað hvert ár. Mun einn nýr landshluti bætast við í hvert sinn. Nú þegar er hálft landið þegar undir, því nú fer Þjóðleikur samhliða fram á Austurlandi og Norðurlandi. 25 hópar allt frá Blönduósi til Hafnar í Hornafirði taka þátt að þessu sinni. Haldnar verða tvær glæsilegar lokahátíðir í byrjun apríl, á Egilsstöðum og á Akureyri, þar sem hóparnir sýna afrakstur vinnu sinnar. Reikna má með því að um 3-400 ungmenni komi að leiklistarhátíðinni að þessu sinni, auk tuga leiðbeinenda.

Eitt af því sem kemur í veg fyrir að skólar setji oft upp leiksýningar er skortur á vönduðum styttri leikverkum fyrir unga leikara. Því eru þrjú ný íslensk leikrit pöntuð sérstaklega fyrir Þjóðleik hverju sinni sem hóparnir geta valið úr til uppsetningar. Leikskáldin sem skrifa fyrir Þjóðleik í ár eru engin önnur en þau Kristín Ómarsdóttir, Jón Atli Jónasson, Brynhildur Guðjónsdóttir og Ólafur Egill Ólafsson. Tvö þau síðastnefndu skrifa eitt verk í sameiningu.

Öllum skólum og leikfélögum í landshlutunum býðst að taka þátt í **Þjóðleik**. Eina skilyrðið er að minnsta kosti einn fullorðinn einstaklingur leiði hópinn og að leikarar séu allir á aldrinum **13-20 ára**.

Þjóðleikhúsið veitir Þjóðleiks-hópunum aðstoð í formi **faglegrar ráðgjafar** og **námskeiða**. Þar er tekið á þáttum eins og sviðssetningu, sviðstækni, leikstjórn og skipulagi æfingaferlis.

Í október 2010 var leikstjórum allra hópanna, bæði að austan og norðan, boðið á ókeypis helgarnámskeið í Þjóðleikhúsinu þar sem þeir fengu kynningar á leikverkunum frá leikskáldunum sjálfum, ítarlega kynnisferð um leikhúsið og tilsögn í leikstjórn.

Í janúar 2011 voru haldin helgarnámskeið annars vegar á Reyðarfirði og hins vegar á Dalvík fyrir leikstjóra og tæknistjóra sýninganna. Leiðbeinendur frá Þjóðleikhúsinu voru Vigdís Jakobsdóttir leikstjóri, Halldór Örn Óskarsson ljósahönnuður og Rebekka A. Ingimundardóttir leikmynda- og búningahönnuður.

Verkefnisstjóri Þjóðleiks er Vigdís Jakobsdóttir.

Viðauki 4

Þjóðleikhúsið

Drög að rekstrarreikningi ársins 2010

Tekjur:	2010
Framlag ríkissjóðs	707.800.000
Miðasölutekjur	212.946.040
Aðrar tekjur	50.701.863
Samtals tekjur	971.447.903
 Gjöld:	
Laun og launatengd gjöld	662.950.129
Önnur gjöld	306.534.742
Samtals gjöld	969.484.871
 Rekstrarafgangur	1.963.032
 Eigið fé:	
Eigið fé 01.01.2010	2.906.668
Rekstrarafgangur 2010	1.963.032
Eigið fé 31.12.2010	4.869.700

Viðauki 5

Starfsemi Þjóðleikhússins skilgreind nánar

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins. Hann stýrir leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á starfsemi þess og rekstri, bæði listrænum og fjárhagslegum.

Framkvæmdastjóri vinnur með leikhússtjóra að rekstrarlegri áætlanagerð og skipulagi starfseminnar í samráði við deildarformenn og aðra stjórnendur. Hann fer með starfsmannamál og annast samningagerð í umboði leikhússtjóra.

Listasvið: Þjóðleikhússtjóri stýrir starfi á listasviði. Undir listasvið heyrir leiklistarráðunautur, listrænir stjórnendur og höfundar, leikarar og annað sviðslistafólk, auk fræðslustjóra og forstöðumanns barnastarfs. Undir listasvið heyrir einnig listráð og bóka- og gagnasafn leikhússins.

Framkvæmdasvið: Framkvæmdastjóri stýrir starfi á framkvæmdasviði. Undir framkvæmdasvið heyrir fjármálastjóri, yfirbókari og launafulltrúi. Undir framkvæmdasvið heyrir einnig rekstur hússins og öryggismál, lagerhald, bakdyravarsla, mötuneyti og þrif.

Markaðsdeild

Deildarstjóri markaðsdeildar ber ábyrgð á markaðs- og kynningarmálum leikhússins. Á markaðsdeild starfa auk markaðsstjóra, kynningarfulltrúi, móttöku- og miðasölustjóri og starfsfólk í miðasölu, veitingasölu og þjónusturýmum.

Sýningadeild: skipulag / verkefnastjórn / sýningastjórn

Deildarstjóri sýningadeildar hefur yfirumsjón með skipulagi og áætlanagerð vegna æfinga og sýninga í húsinu. Á sýningadeild stafa auk deildarstjóra sýningastjórar og skipta þeir með sér verkefna- og sýningastjórn.

Sviðstæknideild – leiksvið, leikmyndir og leikmunir

Tæknistjóri er deildarstjóri sviðstæknideildar. Hann hefur umsjón með útfærslu, vinnslu og uppsetningu leikmynda og viðhaldi aðstöðu og búnaðar á leiksviðum hússins og geymslum. Á sviðstæknideild starfa auk tæknistjóra sviðsstjóri, vaktstjórar og sviðsmenn, auk deildarstjóra og starfsmanna á leikmunadeild.

Raftæknideild - ljós/ hljóð og myndvinnsla

Deildarstjóri hefur yfirumsjón með skipulagi vinnu vegna lýsinga, og mynd- og hljóðvinnslu. Raftæknideild skiptist í ljós-, hljóð- og myndvinnslu, en á deildinni starfa auk deildarstjóra ljósameistarar, deildarstjóri hljóðdeildar og hljóðmeistarar.

Búninga- og leikgervadeild

Deildarstjóri búningadeildar sér um útfærslu, snið og saumun á búningum. Á búningadeild starfa auk deildarstjóra starfsmenn á saumastofu.

Deildarstjóri leikgervadeildar hefur yfirumsjón með útfærslu og vinnu við hönnun leikgerva. Á leikgervadeild starfa auk deildarstjóra hárgreiðslumeistarar og hárkollugerðar- og förðunarmeistarar.